

STJÓRNARTÍÐINDI A 2 — 1987

2. mars 1987

15

Nr. 5

LÖG

um breyting á lögum nr. 79/1974, um fjáröflun til vegagerðar,
sbr. lög nr. 19/1986, um breyting á þeim lögum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. mgr. A-liðar 7. gr. laganna orðast svo:

Pungaskatt samkvæmt A-lið 4. gr. skal greiða tvisvar á ári. Gjald dagar skattsins eru 1. janúar vegna gjaldtímabilsins 1. janúar til 30. júní og 1. júlí vegna gjaldtímabilsins 1. júlí til 31. desember en eindagi síðasti dagur næsta mánaðar eftir gjalddaga. Skatturinn skal innheimast fyrir hvert gjaldtímabil þar sem bifreið er skráð á gjalddaga. Skattskyldan telst frá afhendingu skráningarkerkis ef um nýskráða bifreið er að ræða, ella frá 1. janúar það ár sem skattur er greiddur. Skatturinn reiknast fyrir heila mánuði þannig að 15 dagar eða fleiri teljast heill mánuður en færri dögum skal sleppt.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma fyrst til framkvæmda við innheimtu þungaskatts vegna ársins 1987.

Gjört í Reykjavík, 2. mars 1987.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Þorsteinn Pálsson.

5. febrúar 1987

Nr. 6

FORSETAÚRSKURÐUR

um sendiráð, fastanefndir hjá alþjóðastofnunum
og sendiræðisskrifstofur.

FORSETI ÍSLANDS

gerir kunnugt: Samkvæmt fyrirmælum 4. gr. laga nr. 39 frá 16. apríl 1971 um utanríkisþjónustu Íslands eru hér með sett eftirfarandi ákvæði:

1. Íslensk sendiráð skulu vera í Kaupmannahöfn, Osló, Stokkhólmi, London, París, Moskva, Bonn, Brussel og Washington. Fastanefndir skulu vera í Genf og New York, og aðalræðisskrifstofa í New York.

2. Umdæmi stofnana þeirra sem nefndar eru í 1. lið hér að framan skulu vera sem hér segir:
 - a. Kaupmannahöfn. Auk Danmerkur skal umdæmi sendiráðsins vera Ítalía, Tyrkland og Ísrael.
 - b. Osló. Auk Noregs skal umdæmi sendiráðsins vera Alpýðulýðveldið Pólland og Alpýðulýðveldið Tékkóslóvakía.
 - c. Stokkhólmur. Auk Svíþjóðar skal umdæmi sendiráðsins vera Finnland, Sambandslýðveldið Júgóslavía, Albanía og Saudi Arabia.
 - d. London. Auk Stóra Bretlands og Norður-Írlands skal umdæmi sendiráðsins vera Lýðveldið Írland, Holland og Nígíría.
 - e. París. Auk Frakklands skal umdæmi sendiráðsins vera Grænhöfðaeypjar, Spánn og Portúgal. Forstöðumaður sendiráðsins skal vera fastafulltrúi Íslands hjá Efnahagssamvinnu- og þróunarstofnuninni (OECD) og hjá Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNESCO).
 - f. Moskva. Auk Sovétríkjanna skal umdæmi sendiráðsins vera Alpýðulýðveldið Búlgaría, Alpýðulýðveldið Rúmenía, Alpýðulýðveldið Ungverjaland, Þýska alpýðulýðveldið og Alpýðulýðveldið Mongólía.
 - g. Bonn. Auk Sambandslýðveldisins Þýskalands skal umdæmi sendiráðsins vera Austurríki, Sviss, Grikkland og Vatíkanið.
 - h. Brussel. Auk Belgíu skal umdæmi sendiráðsins vera Luxembourg. Forstöðumaður sendiráðsins skal vera sendiherra hjá Efnahagsbandalagi Evrópu og fastafulltrúi í Norður-Atlantshafsráðinu.
Tvær skrifstofur skulu vera í Brussel:
 - 1) fyrir sendiráðið í Belgíu og Luxembourg og hjá Efnahagsbandalagi Evrópu.
 - 2) fyrir fastanefnd Íslands hjá Norður-Atlantshafsráðinu.
 - i. Washington. Auk Bandaríkja Ameríku skal umdæmi sendiráðsins vera Kanada, Mexíkó, Brasilía, Argentína, Chile, Perú, Kólumbía, Venezuela og Barbados.
 - j. Genf. Forstöðumaður fastanefndarinnar í Genf skal vera fastafulltrúi hjá Evrópu-skrifstofu Sameinuðu þjóðanna og öðrum alþjóðastofnunum sem aðsetur hafa í Genf. Hann skal einnig vera fastafulltrúi hjá Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA) og auk þess sendiherra í Keníu, Tansaníu, Egyptalandi og Eþíópíu.
 - k. New York. Forstöðumaður fastanefndarinnar í New York skal vera fastafulltrúi Íslands hjá höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna og auk þess sendiherra á Kúbu og Bahamaeyjum.
3. Ráðherra getur ákveðið að sendiherra í utanríkisþjónustunni með búsetu í Reykjavík skuli vera sendiherra í fjarlægjum löndum, fyrst og fremst Asíu og Afríku eftir því sem nauðsyn kann að krefja.
4. Starfsmaður utanríkisþjónustunnar með búsetu í Reykjavík skal vera fastafulltrúi Íslands hjá Evrópuráðinu.
5. Úrskurður þessi skal taka gildi við undirskrift og um leið fellur úr gildi forsetaúrskurður nr. 17 frá 8. febrúar 1980.

Gjört í Reykjavík, 5. febrúar 1987.

Vigdís Finnbogadóttir.

Mathías Á. Mathiesen.